

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 7. ágúst 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

56. gr. b. breytist sem hér segir:

Liður b. 2. Deildarráð: Í lok 3. síðustu málsgreinar komi ný setning, svo hljóðandi: Deildarráð skal enn fremur fylgjast með þörfum þjóðfélagsins fyrir menntun á fræðasviðum deildarinnar.

Liður b. 5 Námsnefnd orðist svo:

Í námsnefnd eiga sæti varaforseti deildarinnar og einn fastur kennari kosinn af deildarráði svo og tveir stúdentar kosnir af félagssamtökum þeirra. Varaforseti er formaður nefndarinnar. Þegar fjallað er um málefni, er nefndin telur, að varði einstaka skor, eiga enn fremur sæti í nefndinni tveir fulltrúar þeirrar skorar, annar úr hópi fastra kennara hennar, kosinn af stjórnarnefnd skorarinnar, en hinn úr hópi stúdenta, kosinn af félagssamtökum þeirra.

Kosning fulltrúa í námsnefnd fer fram í upphafi kennsluárs, og tekur ný námsnefnd þá til starfa.

Námsnefnd er heimilt að kveðja á fundi sína einstaka kennara og fulltrúa stúdenta, ef þurfa þykir, en ekki hafa þeir atkvæðisrétt.

Verkefni námsnefndar er að fylgjast með kennslufyrirkomulagi í deildinni og aðbúnaði til kennslu og náms og gera tillögur til úrbóta, ef hún telur þess vera þörf. Einnig skal hún semja umsagnir um tillögur, er henni berast, sem varða bæði kennara og stúdenta og lúta að námsskipan í deildinni.

Þeir kennarar, sem sæti eiga í námsnefnd, skulu veita stúdentum upplýsingar um námsleiðir og samval námsgreina hver á sínu sviði.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. ágúst 1973.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.